

HEKLAN

ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG
SUÐURNESJA

78. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 29. júní 2020 kl. 8:30 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Ásgeir Eiríksson, Brynhildur Kristjánsdóttir, Sigrún Ásta Elefsen, Andri Örn Víðisson, Raket Eckhard og Berglind Kristinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefni Markaðsstofu Reykjanes sumar og haust 2020.

- Markaðsátak; innanlands og erlendis, framleiðsla á efni,
- Vestnorden
- Áfangastaðastofur

Þurfið fór yfir stöðu verkefnanna. Mikið magn af ljósmyndum er í vinnslu og innleiðing er á myndabankanum Bynder er í gangi. Gert er ráð fyrir því að taki 6 vikur.

Upplifunarvefur á íslensku fyrir Reykjanesið verður settur í loftið 15. júlí en gert er ráð fyrir því að erlendi hlutinn verði opnaður fyrir Vestnorden.

Verkefnin fram undan:

- Skemmtiferðaskip á Reykjanesi.
- Vestnorden 6.-8. október.
- Matarkistan Reykjanes.
- Áfangastaðastofur.
- Myndabankinn Bynder.
- Íbúafundir.
- Safnahelgi.

2. Verkefni Heklunnar sumar og haust 2020

- Góðar sögur
- Atvinnuþróunarstefna
- Námskeið og fræðsla
- Áherslur gagnvart stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum

Eyþór fór yfir heimsóknir áhrifavalda á svæðið sem unnið var í samstarfi við ghostlamp. Verkefnið er hluti af Góðum sögum. Alls hafa átta áhrifavaldar heimsótt svæðið undanfarnar vikur. Allar upplýsingar safnast saman á heimasíðunni www.reykjanes.is og er efnið þar undir merkinu #góðurdagur. Hlaðvarpsþættirnir góðar sögur er einnig að finna á heimasíðunni.

SAC - IZM
Rak
AOU

Umræða um atvinnustefnu fyrir Suðurnesið fór fram á fundi stjórnar. Mikilvægt er að vinna að sameiginlegri stefnu fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum. Áætlað er að vinna fari af stað strax eftir sumarfrí.

Berglind fór yfir drög að námskeiðsáætlun fyrir 2020/2021. Námskeiðið verða keyrð sameiginlega þvert á landsvísu. Nánari dagsetningar verða lagðar fram um leið og þær liggja fyrir.

3. Atvinnuleysistöflur og viðbragðsverkefni stofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja á svæðinu.







Atvinnuleysi á Suðurnesjum í lok maí var 19,6% en landsmeðaltal var 13%. Alls eru 3.082 einstaklingar á atvinnuleysisskrá á Suðurnesjum í lok maí og fækkaði um 1.349 frá fyrra mánuði.
<https://vinnumalastofnun.is/media/2573/maí-2020-toflur-1-9.pdf>

Mikilvægt er að allir aðilar standi vörð um störfín. Nokkur fjöldi einstaklinga er á uppsagnarfresti en þeir munu koma inn á atvinnuleysisskrá í haust. Gera má ráð fyrir því að þungur vetur sé fram undan hjá mörgum fyrirtækjum.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 9:30.


Rakel Ö. Kekera

Berglind Kristinsdóttir

Þorsteinnur Þorsteinsson

Grinnur Ástarkjartan

Pli

Sigrún